

Niðurstöður aðalfundar 2024

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2024 kl. 16:00. Fundurinn fór fram rafrænt og að Sjálandi, Ránargrund 4, 210 Garðabæ.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni www.eik.is/hluthafar.

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2023.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2023

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur um 0,74 kr. á hlut fyrir árið 2023. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 2.540.000.000 kr.

Arðleysisdagur er 12. apríl 2024, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2023.

Arðsréttindadagur verður 15. apríl 2024. Skráðir hluthafar félagsins í lok arðsréttindadags eiga rétt á arðgreiðslu í samræmi við framangreint.

Útborgunardagur verður 30. apríl 2024 og greitt verður í íslenskum krónum.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- Laun hvers stjórnarmanns verði 407.500 kr. á mánuði en laun stjórnarformanns verði 815.000 kr. á mánuði.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 46.500 kr. á mánuði. Laun formanns starfskjaranefndar verði 80.000 kr. á mánuði.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 93.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrir fram samþykkt tímagjaldið. Laun formanns endurskoðunarnefndar verði 160.000 kr. á mánuði.
- Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 67.000 kr. á mánuði en laun formanns tilnefningarnefndar verði 103.000 kr. á mánuði.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar að breytingu á starfskjarastefnu félagsins um hækkun heimildar til árangurstengingar launa starfsfólks tekjueininga félagsins í grein 4.3. úr ígildi allt að tvennra mánaðarlauna í allt að þrennra mánaðarlauna á ársgrundvelli.

5. Breytingar á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkti nýjar samþykktir fyrir félagið. Felld var úr samþykktum félagsins síðari setning 5. mgr. 19. gr. um að hver nefndarmaður tilnefningarnefndar skuli jafnan ekki sitja fleiri en tvö kjörtímabil samfelld og hluthafafundi einum skuli heimilt að víkja frá þeirri takmörkun á nefndarsetu.

6. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Gunnar Þór Gíslason
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

7. Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd

Eftirtalin voru kosin í tilnefningarnefnd félagsins:

- Drífa Sigurðardóttir
- Ingólfur Bender

8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að Deloitte ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

9. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að (1) koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, (2) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, og/eða (3) setja upp formlega endurkaupaáætlun.

10. Ályktun um arðgreiðslustefnu stjórnar

Aðalfundur samþykkti ályktunartillögu Brimgarða ehf. um að aðalfundur myndi leggja til við stjórn að breyta arðgreiðslustefnu félagsins.

11. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Aðalfundur samþykkti ályktunartillögu Gildis-lífeyrissjóðs til leiðbeiningar fyrir stjórn um tillögu til til breytinga á samþykktum félagsins er varðar skipun tilnefningarnefndar.

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 17:30.